

Ritun

Þeir sem skrifa bara eitthvað reynist oft erfitt að skrifa góðan texta. Þeir vaða oft úr einu í annað og textinn verður samhengislaus og ómarkvisst. Nauðsynlegt getur því verið að læra aðferð til að byggja texta upp. Sú aðferð sem hér er kennd kallast lykilritun.

Lykilritun

Lykilritun er þrískipt, einnar efnisgreinar ritun sem byggir á lykilsetningu. Lykilsetningin er fyrsta setning ritunarinnar. Allt sem á eftir kemur tengist henni. Lykilsetningin er fullyrðing eða staðhæfing þar sem einhverju ákveðnu atriði er haldið fram. Á eftir lykilsetningunni kemur aðalumfjöllunarefni ritunarinnar sem margir kalla meginmál. Þar eru talin upp atriði sem styðja það sem haldið var fram með lykilsetningunni og nefnd dæmi, eitt eða fleiri. Að því loknu eru lokaorðin eða niðurstaðan. Þar er hugsun lykilsetningarinnar endurtekin á nýjan hátt.

Hugmyndir

Lykilsetning: Eitthvað um subbulega herbergið mitt.

Atriði eitt: Dótið mitt út um allt + dæmi um það.

Atriði tvö: Fötin dreifð um allt + dæmi um það.

Atriði þrjú: Rykugt og skítugt gólf + dæmi um það.

Niðurstaða: Aftur um hversu subbulegt herbergið er en á annan hátt en fyrst.

Uppkast

Lykilsetning: Herbergið mitt er ofsalega subbulegt og eiginlega er ekki hægt að komst inn í það.

Atriði eitt: Til dæmis er dótið mitt aldrei á réttum stað.

Dæmi: Bækurnar eru í hrúgu á borðinu, kubbarir út um allt og bílarnir eru ýmist á gólfinu eða í rúminu sjálfu.

Atriði tvö: Svo eru eru fötin mín líka út um allt.

Dæmi: Buxurnar og peysan liggja oftast á gólfinu og sokkarnir eru oftast undir rúminu.

Atriði þrjú: Og að síðan þríf ég aldrei.

Dæmi: Þykkt lag er af ryki og margir mánuðir síðan ég skúraði síðast.

Niðurstaða: Kannski má halda því fram að herbergið mitt sé það sóðalegasta sem um getur.

Hreinskrifuð lokagerð

Þegar búið er að ákveða hvað eigi að skrifa þarf að hreinskrifa textann og skrifa hann sem eina efnisgrein. Oftast þarf einnig að laga málfar og stafsetningu.

Herbergið mitt

Herbergið mitt er svo subbulegt og varla hægt að komst inn í það. Til dæmis eru leikföngin mín aldrei á réttum stað. Bækurnar eru í hrúgu á náttborðinu, kubbarnir á flestum stöðum nema kubbakassanum og bílarnir eru ýmist á gólfinu eða í rúminu sjálfu. Svo eru fötin mín líka út um allt. Buxurnar og peysan liggja vanalega í krumpu á gólfinu og sokkarnir er oftast en ekki undir rúminu. Og að síðustu mætti nefna að ég þríf aldrei inni hjá mér. Þykkt lag er af ryki á öllum húsgögnum og örugglega margir mánuðir síðan ég skúraði síðast gólfið. Sjálfsagt mætti halda því fram að herbergið mitt sé það sóðalegast sem um getur. (113)

Á næstu síðu er blað sem þú getur notað til að hjálpa þér við að byggja upp ritun.

Hjálparblað við byggingu lykilritunar

Nafn á rituninni: _____

I. Kynning:

Lykilsetning/efnisyrðing:

(hugmynd sett fram og rökstudd)

II. Meginmál:

A. Fyrsta hugmyndin sem styður lykilsetninguna (umfjöllunaratriði):

1. dæmi _____

2. dæmi _____

fleiri dæmi eftir þörfum _____

(dæmi eða umfjöllun málinu til stuðnings)

B. Fyrsta hugmyndin sem styður lykilsetninguna (umfjöllunaratriði):

1. dæmi _____

2. dæmi _____

fleiri dæmi eftir þörfum _____

B. Fyrsta hugmyndin sem styður lykilsetninguna (umfjöllunaratriði):

1. dæmi _____

2. dæmi _____

fleiri dæmi eftir þörfum _____

III. Lokaorð/niðurstaða:

A. Hugmyndin sem kynnt var í upphafi sett fram á nýjan hátt:

(niðurstaða sem vísar í fyrstu efnisyrdinguna)